

Stafræn kynferðisbrot

Reynsla landsmanna sbr. þolendakönnun lögreglunnar

Það helsta

- Svipað hlutfall kvenna og karla verða fyrir stafrænu kynferðisofbeldi og hótun um slíkt
- Ungar konur sá hópur sem eru líklegastar til að verða fyrir stafrænu kynferðisbroti þegar skoðað kyn og aldur
- Kynferðisleg myndbirting hefur frekar eða mjög mikil áhrif á líðan bæði karla og kvenna
- Hótun um kynferðislega myndbirtingu hefur mest áhrif á ungar konur


Um gögnin

Ríkislögreglustjóri og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafa síðust ár framkvæmt **þolendakönnun** þar sem landsmenn 18 ára og eldri eru spurðir út í reynslu af afbrotum, viðhorf til lögreglu og öryggisfinningu. Árið 2017 var fyrst spurt út í **reynslu af stafrænu kynferðisofbeldi** með því að spyrja þátttakendur að því hvort þeir hafi orðið fyrir því að einhver hafi deilt af þeim, án þeirra leyfis, kynferðislegu myndefni eða myndefni sem sýndi nekt og olli ama, vanlíðan skömm, óþægindum eða reiði. Spurt er um reynslu þeirra árið á undan. Einnig er spurt hvort þátttakendur hafi orðið fyrir hótun um slíkt. Þá eru þeir sem hafa orðið fyrir þessu spurðir út í hversu mikil eða lítil áhrif það hafði. Í samantektinni á hugtakið “stafrænt kynferðisofbeldi” við bæði kynferðislega myndbirtingu eða hótun um slíkt.

Niðurstöður

Árin 2017-2025 (9 ára tímabil), urðu að meðaltali ár hvert um **0,5% landsmanna fyrir kynferðislegri myndbirtingu og 2,3% fyrir hótun um slíkt**. Svipað hlutfall kvenna og karla urðu fyrir hvorri tegund fyrir sig, en ekki var marktækur munur á hlutfallinu.


Stafræn kynferðisbrot voru algengust gegn yngsta aldurshópnum, og tæplega tveir af hverjum þremur voru undir 35 ára aldri. Hótanir um myndbirtingu beindust gegn dreifðari aldurshópi. Athygli vekur að af þeim sem höfðu orðið fyrir hótun um myndbirtingu voru um 14% einstaklinga 66 ára og eldri en 8% voru 56-65 ára (sjá mynd 2)



Mynd 1. Hlutfall landsamanna sem urðu fyrir kynferðislegri myndbirtingu eða hótun um slíkt árlega að meðaltali árin 2017-2025.



Niðurstöður framhald




Mynd 2. Hlutfall landsamanna sem urðu fyrir kynferðislegri myndbirtingu eða hótun um slíkt greint eftir aldurshópum (svör frá árunum 2017-2025).

Þegar lítið er til þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðislegri myndbirtingu eftir aldri og kyni má sjá að meðal karla er algengast að þeir verði fyrir slíku á aldrinum 26-34 ára, en yfir þriðjungur brotaþola var á þeim aldri (34%), en næst algengast aldurflokkurinn er 46-55 ára (27%). Þegar lítið er til kvenna sem urðu fyrir kynferðislegri myndbirtingu þá eru þær yngri, en yfir helmingur þeirra er á aldrinum 18-25 ára, eða 54%. Næst flestir í aldurhópnum 26-35 ára eða fimmtungur (20%) og þannig um 74% kvenna sem urðu fyrir myndbirtingu á aldrinum 18-35 ára en meðal karla voru um 59% í þessum aldurshópum. Þó verður að athuga að svörin í minnstu hópnum eru fá þegar greindur er aldur meðal annars vegar karla og hins vegar kvenna.

Þegar skoðaðar eru **hótanir um kynferðislega myndbirtingu** með tilliti til kyns og aldurs (sjá mynd 3) má sjá að meðal karla dreifist slíkt ofbeldi frekar jafnt yfir aldurshópana en flestir voru innan aldurshópsins 18-25 ára (23%) og 26-35 ára (23%) en kringum 11-16% í öðrum aldurshópum meðal karla.

Þegar lítið er til hótana sem beindust gegn konum og milli aldurs- hópa má sjá að flestar voru í yngsta aldurs- hópnum (18-25 ára) sem urðu fyrir slíku (38%) og næstflestar í tveimur næstu aldurs- hópnum (16% í hvorum hópi). Þannig var meðal karla um 46% á aldrinum 18-35 ára en um 53% meðal kvenna.



Mynd 3. Hlutfall landsmanna sem urðu fyrir hótun um kynferðislega myndbirtingu greint eftir aldri annars vegar kvenna og hins vegar karla (svör frá árunum 2017-2025).




Niðurstöður framhald

Hver voru áhrif á líðan?

Rannsóknir hafa bent til þess að stafrænt kynferðisofbeldi **geti haft víðtæk áhrif á líf þeirra sem fyrir þeim verða** og eru þessi áhrif ekki frábrugðin þeim áhrifum sem annað kynferðisofbeldi hefur. Í könnuninni eru þátttakendur spurðir út í það hversu mikil eða lítil áhrif stafrænt kynferðisofbeldi hafði á þau.

Litið var til áhrifa af myndbirtingu eða hótunar um slíkt árin 2017-2024. Sjá má að yfir tímabilið sögðu um 62% svarenda myndbirtinguna hafa frekar eða mjög mikil áhrif á sig. Þegar litið er til hótunar um myndbirtingu sagði um helmingur landsmanna hótun um myndbirtingu hafa frekar eða mjög mikil áhrif á sig.


Þegar litið er til áhrifa af myndbirtingu eftir kyni má sjá að slíkt hefur frekar eða mjög mikil áhrif á meirihluta bæði karla og kvenna (68% meðal kvenna, en 56% meðal karla) **en konur eru mun líklegri en karlar til að segja hótun um myndbirtingu hafa mjög eða frekar mikil áhrif** (63% meðal kvenna en 35% meðal karla).



Mynd 4. Áhrif af stafrænu kynferðisofbeldi greint eftir kyni (árin 2017-2024).

Erfitt er að greina mynstur á líðan milli aldurshópa þegar um er að ræða myndbirtingu þar sem svörin eru fáu, en þegar greindar eru hótanir um myndbirtingu má sjá að **ýngsti aldurshópin er líklegastur til að segja áhrifin mjög eða frekar mikil**, en 69% í aldurshópnum 18-25 ára sögðu áhrifin frekar eða mjög mikil og 64% einstaklinga á aldinum 26-35 ára, en hlutfallið var mun lægra í eldri aldurshópum.

Erfitt er að greina mynstur á líðan milli aldurshópa þegar um er að ræða myndbirtingu þar sem svörin eru fáu, en þegar greindar eru hótanir um myndbirtingu má sjá að **ýngsti aldurshópin er líklegastur til að segja áhrifin mjög eða frekar mikil**, en 69% í aldurshópnum 18-25 ára sögðu áhrifin frekar eða mjög mikil og 64% einstaklinga á aldinum 26-35 ára, en hlutfallið var mun lægra í eldri aldurshópum.



Mynd 5. Áhrif af stafrænu kynferðisofbeldi greint eftir aldri annars vegar meðal karla og hins vegar meðal kvenna (árin 2017-2024).



Umræða

Þessi stutta samantekt sýnir að hér á landi beinast stafræn kynferðisbrot bæði gegn körlum og konum og að brotin beinast oftast gegn yngri aldurshópum, þá sérstaklega gegn ungum konum. Einnig sýna niðurstöður að stafrænt kynferðisofbeldi hefur mjög eða frekar mikil áhrif á líðan bæði karla og kvenna en hótun um myndbirtingu hefur mun meiri áhrif á líðan kvenna en karla.

Hafa ber í huga að **hér er ekki skoðað eðli ofbeldisins** þ.e. hvort um sé að ræða að ofbeldinu sé beitt af einstaklingi í nánu sambandi, hvort um sé að ræða annað kynbundið ofbeldi, ástarsvik eða um sé að ræða annars konar tengsl.

Nánar um gögnin

Könnunin er lögð ár hvert fyrir 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak af landinu öllu, 2.000 svarendur af höfuðborgarsvæðinu og 2.000 af landsbyggðinni. Um er að ræða netkönnun sem er lögð fyrir í maí/júní ár hvert og hefur svarhlutfallið verið á bilinu 45-63%. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldur, menntunarstigs og búsetu.

Ekki var spurt um áhrif af stafrænu kynferðisofbeldi á líðan í könnun árið 2025.

Ekki var í úttektinni greint eftir því hvort aðili skilgreini kyn sitt sem kynsegin/annað því hópurinn sem skilgreindi kyn sitt á þann hátt í úrtakinu var of lítil.

Orðalag spurninga:

| | |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Spurningin: Varðst þú fyrir því árið [undangengið ár] að einhver deildi, án þíns leyfis, kynferðislegu myndefni af þér eða myndefni sem sýnir nekt þína sem olli þér ama (vanlíðan, skömm, óþægindum, reiði)? Hér er átt við hvers konar deilingu, t.d. með því að birta á internetinu eða annarsstaðar, deilt með skilaboðum eða tölvupósti eða með því að sýna öðrum aðila myndirnar í eigin persónu (hvort sem myndirnar eru rafrænar eða ekki).</p> | <p>Sværmöguleikar: Já / Nei / Nei, en hef fengið hótun um slíkt (myndefninu var ekki deilt)</p> |
| <p>Hversu mikil eða lítil áhrif hafði myndbirtingin/birtingarnar á þig? Hversu mikil eða lítil áhrif hafði hótunin um myndbirtinguna-/arnar á þig?</p> | <p>Mjög lítil áhrif / Frekar lítil áhrif / Frekar mikil áhrif / MJög mikil áhrif / Veit ekki / Vil ekki svara</p> |